

Nd. 946. Frumvarp til laga [363. mál]

um kjaradóm í vinnudeilu Félags íslenskra atvinnuflugmanna og Flugleiða.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. maí.)

1. gr.

Hæstiréttur tilnefni þrjá menn í kjaradóm sem skal fyrir 15. júní 1984 ákveða kaup og kjör þeirra félagsmanna Félags íslenskra atvinnuflugmanna sem starfa hjá Flugleiðum.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja kjaradómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Kjaradómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum, opinberum aðilum og fyrirsvarsmönnum Flugleiða og Félags íslenskra atvinnuflugmanna.

2. gr.

Kjaradómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara flugmanna hafa til viðmiðunar við úrskurð sinn síðastgildandi kjarasamning aðila og þær almennu kaup- og kjarabreytingar sem orðið hafa samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði frá gildistöku laga um launamál, nr. 71/1983.

3. gr.

Ákvarðanir kjaradóms samkvæmt 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Verkbönn, verkföll, þ. m. t. samúðarvinnustöðvanir, eða aðrar aðgerðir, sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála, eru óheimilar.

5. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi er Flugleiðum óheimilt að segja flugmönnum þeim, sem lögin taka til, upp starfi nema þeir uppfylli ekki lengur lágmarkskröfur sem gerðar eru til hæfni flugmanna eða hafi gerst sekir um brot í starfi.

Nú þykir vafi leika á um réttmæti uppsagnar samkvæmt 1. mgr. og sker þá Félagsdómur úr ágreiningnum.

6. gr.

Kostnaður við störf kjaradóms samkvæmt 1. gr. laga þessara, þar á meðal laun dómenda eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. október 1984. Úrskurður kjaradóms samkvæmt 1. gr. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila.